

Farsæld barna

Ferli samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna í Reykhólaskóla

Barnið er hjartað í kerfinu.

Valdefling og þátttaka foreldra er grunnurinn að árangursríku samstarfi sem skilar farsælum lausnum

Á Íslandi gilda lög um að öll börn eigi rétt á að fá þá þjónustu sem þau þurfa á að halda þegar á þarf að halda. Lögin kallast farsældarlög en farsæld merkir aðstæður sem skapa barni skilyrði til að ná líkamlegum, sálrænum, vitsmunalegum, siðferðislegum og félagslegum þroska á eigin forsendum til framtíðar.

Börn og forsjáraðilar eiga að hafa greiðan aðgang að þeirri þjónustu og aðstoð sem á þarf að halda og á réttum tíma. Með því að tengja þjónustuna saman og auka samvinnu milli ólíkra kerfa verður auðveldara að tryggja börnum þjónustu við hæfi.

Þjónusta fyrir börn er veitt á þremur þjónustustigum. Sama barnið getur fengið þjónustu á fleiri þjónustustigum. Hér er aðkoma grunnskóla útskýrð.

1. stigs þjónusta

Grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum börnum; svo sem forvarnir, aðgerðir gegn einelti og ofbeldi og aðgerðir sem stuðla að jákvæðum skólabrag.

Einstaklingsbundinn og snemmtækur stuðningur við einstök börn með vægan vanda í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að vandinn aukist. Sem dæmi námsörðugleikar, hegðunarvandi, afleiðingar eineltis eða annarra áfalla eða minniháttar heilsufarsvandi.

Mál á 1. stigi eru rædd á vikulegum stigsfundum. Takist ekki að finna lausn er þeim vísað áfram til nemendaverndarráðs.

2. stigs þjónusta

Einstaklingsbundinn markviss stuðningur sem veittur er þegar úrræði á 1. stigi dugar ekki til. Getur verið vegna tilfinningalegra, heilsufarslegra eða félagslegra aðstæðna. Hér má



helst nefna stoðþjónustu skóla, svo sem sérkennslu og talþjálfun og stuðning í kennslustundum.

3. stigs þjónusta

Sérhæfður stuðningur barna sem að jafnaði hafa flókinn og fjölpættan vanda og mikla umönnunarþörf

Starfsfólki sem vinnur með og fyrir börn ber að vinna saman að farsæld þeirra, þau bera ábyrgð á því að koma auga að aðstæður barna og bregðast við strax og þörf er á.

Tengiliður farsældar

Í grunnskólum skal starfa tengiliður farsældar sem aðstoðar börn og fjölskyldur við að finna viðeigandi þjónustu án hindrana. Oft er hægt að leysa málin innan skólans en í flóknari málum aðstoðar tengiliður við að útvega málstjóra hjá félagsþjónustu eða öðrum stofnunum sem þjónusta barnið.

Öllum þeim sem starfa með börnum ber að:

- Taka eftir því þegar þörfum barna er ekki mætt
- Bregðast við
- Leiðbeina með samþættingu og þjónustu tengiliðar

 Leiðbeingar um tengingu við tengilið Reykhólaskóla

Foreldrar og börn geta jafnframt haft samband við tengilið milliliðalaust. Óski foreldrar og eftir atvikum barn eftir því að þjónustuaðili sem starfar með barni utan skólans upplýsi tengilið um ákveðið mál má fylla út [beiðni um miðlun upplýsinga](#).

Ef einhver óskar eftir þess að mál barns sé tekið fyrir í nemendaverndarráði skal komi því til tengiliðs.

Tengiliður í Reykhólaskóla er Kjartan Þór Ragnarsson, deildarstjóri

Hlutverk tengiliðar er að stuðla að því að börn og foreldrar hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Það er gert með eftirfarandi hætti:



- Veita foreldrum og börnum, og eftir atvikum þjónustuveitendum upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns.
- Meta þjónustubörf barns og hvort þörf sé á samþættri þjónustu (þegar fleiri aðilar en skóli starfa saman að því að tryggja farsæld barns).
- Skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns ef þess gerist þörf.
- Koma upplýsingum til sveitarfélags um þörf fyrir tilnefningu málstjóra ef ástæða er til að ætla að barn þurfi fjölþætta þjónustu á öðru og/eða þriðja stigi til lengri tíma.
- Taka þátt í starfi stuðningsteymis eftir því sem við á.

Tengiliður hefur ávallt hagsmuni barnsins að leiðarljósi og rækir hlutverk sitt í samráði við foreldra og barn.

Börn eiga rétt á að segja sína skoðun og að á þau sé hlustað.

Sér talin ástæða til að samþætta og óski foreldrar og eftir atvikum barn eftir því er skrifað undir [þar til gert eyðublað](#).

Samþætting er ekki forsenda þess að nýta þjónustu tengiliðar. Samþætting kemur heldur ekki í veg fyrir að foreldrar sækji sjálfir þjónustu fyrir börn sín.

Tenglar og upplýsingar

Úrræðalisti sveitarfélagsins - í vinnslu

[Beiðni um samþættingu þjónustu](#)

[Beiðni um miðlun upplýsinga](#)

[Farsældarvefurinn](#)

[Handbók farsældar](#)

[Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#)

[Reglugerð um tengiliði og málstjóra](#)

[Reglur um tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga](#)

[Barnasáttmálinn](#)

[Heimasíða Barna- og fjölskyldustofu](#)

 Mat á þjónustubörf

